

Ágúst 2004


NÝJAR REGLUR UM FÆÐUBÓTAREFNI

HVAÐ ERU FÆÐUBÓTAREFNI?

Á Íslandi hefur hugtakið fæðubótarefni verið notað yfir flestar þær vörur sem fólk neytir sem viðbót við venjulegt hefðbundið fæði, þ. á m. orkustykki, próteinblöndur, vítamín- og steinefnablöndur, plöntuextrökt ofl.

Fæðubótarefni eru samkvæmt nýútgefinni reglugerð töflur og dropaglös sem innihalda vítamín og/eða steinefni (vítamín- og/eða steinefnatöflur) eða önnur efni með næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif (t.d. fitusýruhylki). Það getur þó verið háð virkni innihaldsefna og/eða magni hvort slíkar vörur teljast fæðubótarefni eða lyf/náttúru-lyf. Leiki vafi á því skal Lyfjastofnun skera úr.

Próteinduft, tilbúnir próteindrykkir, orkustykki og margt fleira, sem ekki er ætlað til inntöku í mældum smáum skömmtum, fellur ekki undir skilgreiningu á fæðubótarefnum. Þessar vörur lúta almennum reglum um matvæli.



Samkvæmt skilgreiningu eru fæðubótarefni **matvæli** sem eru notuð í þeim tilgangi að vera viðbót við venjulegt mataræði. Þau eru með hátt hlutfall af vítamínum og steinefnum eða öðrum efnum sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif og eru ætluð til inntöku í **mældum smáum skömmtum**. Fæðubótarefni innihalda þar af leiðandi fáar hitaeiningar í dagskammti.

INNIHALDSEFNI

Fæðubótarefni skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um fæðubótarefni. Aukefni sem notuð eru í fæðubótarefni skulu vera á lista yfir leyfileg aukefni í reglugerð um aukefni í matvælum. Íblöndun bætiefna í matvæli er almennt óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

STARFSLEYFI

Allir sem framleiða eða dreifa matvælum, þ.m.t. fæðubótarefnum, eiga að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd.



NÝ REGLUGERÐ UM FÆÐUBÓTAREFNI

Umhverfisráðuneytið hefur gefið út reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni sem byggð er á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/46 um sama efni. Fram til þessa hafa fæðubótarefni verið til umfjöllunar hjá Lyfjastofnun en samkvæmt reglugerðinni eru fæðubótarefni matvæli sem falla undir matvælalöggjöf og lúta eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Í vafatilvikum sker Lyfjastofnun úr um hvort vara er lyf/náttúruylf eða almenn neysluvara (matvæli).

INNFLUTNINGUR OG EFTIRLIT

Umhverfisstofnun fer með innflutningseftirlit vegna matvæla. Samkvæmt reglugerðinni skal tilkynna stofnuninni á þar til gerðum eyðublöðum þegar fæðubótarefni er fyrst sett á markað og afhenda sýnishorn af vörinni. Þegar vara er komin á markað tekur við eftirlit sem er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á sama hátt og við á um önnur matvæli. Eftirlitsferðir og samræmd eftirlitsverkefni eru árvissir viðburðir og eru þá m.a. tekin sýni í matvælafyrirtækjum og þau könnuð m.t.t. hráefna, merkinga, aukefna o.s.frv.

Ef matvæli koma frá löndum sem aðild eiga að samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES) gildir reglan um frjálst flæði vöru. Eftirlitsaðilar koma eingöngu að eftirliti með matvælunum þegar þau eru komin á markað. Frá þessari meginreglu eru þó eftirtaldar undantekningar sem heimila Umhverfisstofnun að stöðva innflutning:



- Vegna endurtekinna atvika þar sem ólögleg efni greinast í matvælunum.
- Ef um er að ræða rökstuddan grun um að hætta sé á ferðum fyrir neytendur.

Á sama hátt getur Umhverfisstofnun takmarkað innflutning á matvælum frá ríkjum utan EES svæðisins ef grunur leikur á um að matvælin sem flytja á inn uppfylli ekki gildandi reglur um matvæli.

BÆTIEFNI

Bætiefni eru vítamín, steinefni og lífsnauðsynlegar fitu- og aminosýrur.

MERKINGAR

Um merkingar á fæðubótarefnum gilda ákvæði þriggja reglugerða: reglugerðar um fæðubótarefni, reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla. Í þessum reglum má m.a. finna eftirfarandi atriði:

- Merkingar skulu vera greinilegar og læsilegar á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku.
- Þær mega ekki vera blekkjandi fyrir kaupandann eða móttakandann.
- Ekki er heimilt að eigna matvælum áhrif eða eiginleika sem þau hafa ekki.
- Óheimilt er að eigna fæðubótarefnum eða öðrum matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna, hafa lækningamátt eða að vísa til þess háttar eiginleika.

Á umbúðum um fæðubótarefni skal koma greinilega fram um hvers konar matvæli er að ræða, þ.e. þau efni sem einkenna vöruna. Ef um vítamínblöndu er að ræða þarf það að koma skýrt fram á umbúðum vörunnar. Auk þess þarf eftirfarandi að koma fram á umbúðum fæðubótarefna:

- Ráðlagður daglegur neysluskammtur.
- Merkingin „Fæðubótarefni“ á sama sjónsviði og heiti vörunnar.
- Aðvörun um að neyta ekki meira en sem nemur ráðlagðri dagsneyslu.
- Yfirlýsing þess efnis að neysla á fæðubótarefnum komi ekki í stað fjölbreytts og hefðbundins mataræðis.
- Aðvörunarorð um að geyma fæðubótarefnin þar sem börn nái ekki til.
- Næringargildi skv. reglugerð um merkingu næringargildis matvæla.

Óheimilt er að vísa til þess í merkingu, auglýsingu eða kynningu á fæðubótarefnum að fjölbreytt og hefðbundið mataræði geti ekki fullnægt næringarfræðilegum þörfum neytenda.

Við markaðssetningu og aðra kynningu á fæðubótarefnum gilda þessi sömu ákvæði.

FULLYRÐINGAR

Óheimilt er að fullyrða um eiginleika matvæla eða innihaldsefni þeirra nema slíkt sé heimilað með reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, öðrum sérreglugerðum eða af Umhverfisstofnun, sbr. reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Dæmi um rangar og villandi fullyrðingar:

- Með því að neyta vöru X brennir þú hitaeiningum án þess að hreyfa þig.
- Þú borðar eins mikið og þú vilt en fitnar ekki.
- Neysla á vöru X hjálpar til í baráttunni við krabbamein.
- Loksins á Íslandi.
- Biðin er á enda.
- Minnkar matarlyst og kílóin hverfa af þér.
- Vara X inniheldur öll efni sem líkaminn þarfnast.





TÍMAFRESTIR

Framleiðendur og dreifingaraðilar fæðubótarefna og annarra matvæla sem hingað til hafa verið flutt inn með áritun frá Lyfjastofnun, s.s. orkustykki, próteinduft o.s.frv., fá tilhlýðilegan frest til að laga sig að breyttum aðstæðum. Í því sambandi er sérstök athygli vakin á eftirfarandi atriðum.

- Matvæli sem falla undir reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni skulu uppfylla ákvæði hennar eigi síðar en 1. ágúst 2005.
- Matvæli sem innihalda aukefni sem ekki eru leyfð skv. reglugerð um aukefni í matvælum eru óheimil á íslenskum markaði.
- Matvæli, t.d. orkustykki eða próteindrykkir, sem merkt eru á tungumálum sem ekki eru leyfð skv. reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla eru óheimil á íslenskum markaði og þau þarf að endurmerkja þegar í stað.
- Matvæli, t.d. orkustykki eða próteindrykkir, sem ekki falla undir reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni og brjóta í bága við reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla eða reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, t.d. vegna fullyrðingar, skal endurmerkja samkvæmt íslenskum reglum eigi síðar en 1. janúar 2005
- Matvæli, t.d. orkustykki eða próteindrykkir, sem ekki falla undir reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni og innihalda viðbætt efni eins og vítamín og steinefni eiga að uppfylla reglur um íblöndun bætiefna eigi síðar en 1. ágúst 2005.

Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu tryggja að matvælin valdi ekki heilsutjóni sbr. 10. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Umhverfisstofnun beinir því til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila fæðubótarefna að þeir kynni sér vel lög og reglur um matvæli sem í gildi eru á hverjum tíma.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík
Sími: 591 2000 - Fax: 591 2020
Netfang: faedubotarefni@ust.is • ust@ust.is
Heimasíða: www.ust.is

Ljósmyndir: Umhverfisstofnun - Umbrot og hönnun: Gutenberg ehf.